

**526. fundur hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,  
19. júní 2018 og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), aðalmaður, Guðni Ólafsson (GÓ), aðalmaður, Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir (IÓÞ), aðalmaður, Björgvin Smári Haraldsson (BSH), aðalmaður, Lilja Magnúsdóttir (LM), aðalmaður, Guðný Sverrisdóttir (GS), sveitarstjóri og Ása Jónsdóttir (ÁJ), ritari.

**Fundargerð ritaði:** Ása Jónsdóttir (ÁJ)

Oddviti setti fundinn og spurði hvort athugasemdir væru við fundarboðun, svo var ekki.

Oddviti lýsir fundinn lögmætan.

**Dagskrá:**

**1. Breyting á samþykkt um stjórn Tálknafjarðarhrepps. - 1807016**

Tekið til fyrri umræðu

*8.gr. hljóði svo: fundartími verði 2. fimmtudag í mánuði kl 18:00.*

*9.gr. Fundir skulu boðaðir með þriggja sólarhringa fyrirvara.*

*40.gr. B-liður, stjórnir og samstarfsnefndir:*

*tl. 4.og 5: barnaverndarnefnd og félagsmálanefnd verði sameinaðar í velferðarráð.*

*Ráðið er sameiginlegt með Vesturbyggð og fer með málefni félagsþjónustu skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, jafnréttismál skv.lögum um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla nr.10/2008 og málefni skv. áfengislögum nr. 75/1998. Ráðið fer með húsnæðismál skv. lögum um húsnæðismál nr. 44/1998 og húsaleigumál skv. lögum nr. 36/1994. Ráðið fer með önnur mál skv. erindisbréfi sem því er sett.*

*Alla breytingar samþykktar samhljóða og vísað til síðari umræðu.*

**2. Skipan í nefndir Tálknafjarðarhrepps kjörtímabilið 2018-2022 - 1807038**

*Atvinnu- og hafnanefnd, aðalmenn: Heiðar Jóhannsson (Ó-lista)sem jafnframt er formaður,Ingibjörg Jóna Nóadóttir (Ó-lista) og Guðlaug S.Björnsdóttir (E-lista).*

*Varamenn: Björgvin Smári Haraldsson (Ó-lista), Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir (Ó-lista)og Björgvin Sigurjónsson (E-lista).*

*Kjörstjórn, aðalmenn: Pálína Kristín Hermannsdóttir (Ó-lista), Sigurvin Hreiðarsson (Ó-lista) og Lilja Magnúsdóttir (E-lista). Varamenn: Berglind Eva Björgvinsdóttir (Ó-lista) og Kristjana Andrédóttir (Ó-lista) og Inga Jóhannesdóttir (E-lista).*

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd, aðalmenn: Einir Steinn Björnsson (Ó-lista) sem jafnframt er formaður, Benedikt Hreggviðsson (Ó-lista) og Aðalsteinn Magnússon (E-lista). Varamenn: Sigurvin Hreiðarsson (Ó-lista), Heiðar Jóhannsson (Ó-lista) og Sigurður Jónsson (E-lista).*

*Fræðslu-, menningar-, íþrótt- og æskulýðsnefnd, aðalmenn: Eva Dögg Jóhannesdóttir (Ó-lista) sem jafnframt er formaður, Nancy Rut Helgadóttir (Ó-lista) og Jóhann Örn Hreiðarsson (E-lista). Varamenn: Berglind Eir Egilsdóttir (Ó-lista), Guðný Magnúsdóttir (Ó-lista) og Krístrún Guðjónsdóttir (E-lista).*

*Stjórnir og samstarfsnefndir:*

*Fjallskilanevnd: aðalmaður, Guðni J. Ólafsson (Ó-lista) og til vara Pálína Kristín Hermannsdóttir (E-lista).*  
*Hafnasamband Íslands: aðalmaður sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps og til vara Lilja Magnúsdóttir.*  
*Samráðsnefnd Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar: aðalmenn eru Bjarnveig Guðbrandsdóttir (Ó-lista) og Lilja Magnúsdóttir (E-lista). Varamenn: Ingibjörg Óska Þórhallsdóttir (Ó-lista) og Jóhann Örn Hreiðarsson (E-lista).*  
*Þjónustuhópur aldraðra: aðalmaður Berlind Eir Egilsdóttir (Ó-lista), varamaður Jóhann Örn Hreiðarsson (E-lista)*  
*Almannavarnanevnd Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar: aðalmaður er sveitarstjóri og til vara oddviti.*

### 3. Upplýsingagjöf sveitarstjóra - 1807012

*Ákveðið var að sveitarstjórn færi ekki í sumarfrí.*  
*Auglýst verður eftir sveitarstjóra.*  
*Lilja greindi frá stöðu hafnarinnar og erindi verði sent nýrri hafnarnefnd um úrbætur til umfjöllunar.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:17.**

---

Bjarnveig Guðbrandsdóttir  
(BG)

---

Guðni Ólafsson (GÓ)

---

Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir  
(IÓÞ)

---

Björgvin Smári Haraldsson  
(BSH)

---

Lilja Magnúsdóttir (LM)

---

Guðný Sverrisdóttir (GS)

---

Ása Jónsdóttir (ÁJ)